

FUNDARGERÐ

Nefnd:	Starfsmatsnefnd
Efni:	<i>180. fundur</i>
Viðstaddir:	Ragnhildur Ísaksdóttir; Elín Valgerður Margrétardóttir; Atli Atlason; Halldór Gunnarsson; Ragnar Ólason; Anna Lilja Magnúsdóttir; Steinvör Laufey Jónsdóttir; Auður Lilja Erlingsdóttir; Bjarni Bjarnason; Linda Björk Halldórsdóttir.
Fundardagur:	14/02/2017
Tími:	13:00 – 14.00
Fundarstaður:	Borgarráð, Ráðhúsi Reykjavíkur.

Á dagskrá:

Umræður um þekkingarþáttinn og breytingar á samsetningu náms.

Samþykkt Starfsmatsnefndar Reykjavíkurborgar:

Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar samþykkir að fara í vinnu við endurskoðun þekkingarþáttar í heild sinni og beinir því til faglegrar samráðsnefndar starfsmat að hefja þá vinnu.

Þegar starfsmatskerfið var tekið upp fyrir rúmum áratug var þekkingarþátturinn aðlagður að íslensku menntakerfi og uppbyggingu þess. Síðan þá hefur orðið þróun og breyting á samsetningu og skipulagi náms og því þörf á að kanna hvort þurfi að aðlaga hann breyttum forsendum m.a. út frá kröfum til starfsleyfa. Þá er mikilvægt að skoða skilgreiningar starfa, mat á reynslu og menntunarkröfu hjá vinnuveitanda og skoða dreifingu niður á þrep þáttarins m.a. út frá samanburði á milli sviða og kynja.

Önnur mál.

Starfsmatsnefnd óskar eftir fundi í stóru fagráðsnefndinni varðandi eftir farandi erindi.

Þekkingarþátturinn - endurskoðun hans

Áfrýjunarnefnd – skipun í nefndina

Áfrýjunarnefnd – reglur nefndarinnar

Fleira var ekki á dagskrá fundi slitið kl. 13.50.